

DRÖG

Til: Félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra**Frá:** Krýsuvík**Dags.** 15. ágúst 2023

Minnisblað til ráðherra

Mikil umræða og ákall eftir aðgerðum hefur skapast í íslensku samfélagi undanfarna mánuði vegna aukinna dauðsfalla einstaklinga með áfengis- og fíkniefnaröskun sem hafa leiðst út í neyslu ópíóíða lyfja. Hefur heilbrigðisráðherra kynnt tillögur til að bregðast við vandanum og samþykktar hafa verið auknar fjárveitingar til málaflokksins.

Við hjá Krýsuvík þekkjum þennan vanda vel enda er hann ekki nýr af nálinni meðal okkar skjólstæðinga. Meðferðin í Krýsuvík hefur undanfarin 37 ár hjálpað fjölmörgum einstaklingum í baráttu sinni við áfengis- og fíkniefnaröskun. Forsvarsmenn og bakhjarlar Krýsuvíkur hafa mikinn vilja til að gera enn betur og fjölga verulega þeim einstaklingum sem geta hafið meðferð og þannig tekið fyrsta skrefið í átt að bættu lífi.

Tillaga;

Í ljósi þess brýna vanda sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir og þess árangurs sem einstaklingar sem hafa farið í meðferð í Krýsuvík hafa náð, er óskað eftir auknu fjármagni til að fjölga meðferðarplássum í Krýsuvík. Með slíkri ráðstöfun væri unnt að stytta biðlista og þannig koma fleiri einstaklingum til aðstoðar.

1. Með um 50 m.kr aukinni árlegri fjárveitingu getur meðferðarheimilið Krýsuvík fjölgað meðferðarplássum úr 21 (14 karlar og 7 konur) í 28. Viðbótar fjármunirnir væru nýttir í að bæta við ráðgjafa í fullu starfi sem og auka næturvörslu á staðnum.
2. Krýsuvíkursamtökin geta ásamt styrktaraðilum farið í nauðsynlega fjárfestingu á húsnæðinu, um 30-40 m.kr., ef loforð um aukið árlegt fjárframlagi fyrir rekstrinum liggur fyrir.

Meðferðarúrræðið;

Krýsuvík hefur frá stofnun, árið 1986, spilað lykilhutverk á Íslandi í meðferð einstaklinga með alvarlega áfengis- og fíkniefnaröskun. Hefur meðferðin skilað góðum árangri meðal þeirra sem hafa ekki náð bata í öðrum meðferðum. Síðastliðin tvö ár hefur þjónustan við skjólstæðinga Krýsuvíkur verið eflað til muna þar sem bætt hefur verið við áfallaráðgjöfum en tengsl milli áfalla í æsku og þess að leiðast út í alvarlega fíkniefnaneyslu er vel þekkt. Einnig hafa samtökin bætt við löglærðum ráðgjafa sem hefur unnið úr ýmsum lagalegum málefnum skjólstæðinga og aðstoðað þá við að koma reglu á fjármál sín. Þeir skjólstæðingar sem eru með börn á

forræði er einnig veitt aðstoð í samskiptum sínum við barnaverndarnefnd sem oft eru flókin mál.

Í Krýsuvík eru í dag pláss fyrir 21 skjólstæðing, 14 karlmenn og 7 konur, og á árinu 2022 voru veittir 7.146 vistunardagar. Félagsmálaráðuneytið greiðir 149,9 m.kr. samkvæmt þjónustusamningi fyrir 18 skjólstæðinga í meðferð á hverjum tíma eða amk 5.900 vistunardaga, sem miðast við 90% nýtingu á 18 plássum. Krýsuvík veitti því 1.246 vistunardaga umfram samningsviðmið á árinu 2022.

Skjólstæðingarnir greiða sjálfir 130 þús. kr. á mánuði (um 4 þús. kr. á dag) sem koma í flestum tilvikum úr þeirra örorkubótum eða öðrum bótum sem koma að stærstu leiti frá sveitarfélögunum. Á árinu 2022 nam þessi fjárhæð 27 m.kr. Mikil ásókn er í að komast í meðferð í Krýsuvík og eru að jafnaði 100 einstaklingar á biðlista og af þeim um 70 einstaklingar virkir. Því miður gerist það of oft að einstaklingar deyja úr neyslu áður en unnt er að koma þeim að í meðferð og oft á tíðum eru það einstaklingar sem eru sorglega nálægt því að fá pláss þegar þeir falla frá. Krýsuvík á gott samstarf við sjúkrahúsið Vog og deild 33A á Landspítalanum varðandi afvötnun sem oftast er nauðsynleg áður en meðferð getur hafist.

Hugmyndir Krýsuvíkur til að bregðast við þeim áfengis- og fíknivanda sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir er að auka við þau 21 meðferðarpláss sem nú þegar eru í boði í Krýsuvík þannig að 7 einstaklingar í viðbót, alls 28 (33% aukning), geti verið í meðferð á hverjum tíma. Krýsuvíkursamtökin treysta sér til að safna fjármagni fyrir nauðsynlegum framkvæmdum á húsnæðinu sem þessi breyting hefur í för með sér gegn því að árlegt framlagi ríkisins skv. þjónustusamningi verði aukið til að greiða fyrir þau þessi 7 nýju pláss til viðbótar við þá þau 3 pláss sem haldið er opið án fjármögnunar. Með 28 plássum ætti Krýsuvík að geta veitt hátt í 9 þúsund vistunardaga á ári.

Á undanförnum árum hefur það verið óhjákvæmilegt með sífellt lengri biðlista að setja það forgang að taka á móti sem flestum skjólstæðingum í meðferð og beina öllum fjármunum í meðferðarstarfið nær eingöngu. Þetta hefur leitt til þess að aðrir hlutir hafa þurft að vera í lægri forgangi, líkt og vöktun í húsinu, sem mikill vilji er til að bæta. Með auknu framlagi um 50 m.kr. á ári, þannig að heildargreiðsla verði um 200 m.kr. fæli samningurinn í sér 8700 vistunadaga á ári og væri þá hver meðferðardagur að kosta skattgreiðendur um 23 þús. Kr. Þessi upphæð er um helmingur þess sem nótt í Gistiskýlum Reykjavíkur kosta og brot af því sem það kostar samfélagið að vera með þessa einstaklinga í virkri neyslu með tilheyrandi lögbrotum og byrði á löggæslu, heilbrigðiskerfið og félagsþjónustuna.

Um þriðjungs stærri samningur í samræmi við ofangreint gerður til nokkur ára í senn, með áframhaldandi opinberu eftirliti með starfinu myndi gefa Krýsuvík kost á að stórefla rekstur meðferðarheimilisins. Með þessu gæti vel þjálfað og reynslumikið ráðgjafateymi tekið á móti 28 skjólstæðingum á hverjum tíma og þá væri einnig mögulegt koma upp fullri vöktun í húsinu.

Á síðasta aðalfundi Krýsuvíkur lauk vinnu við að koma á fót nýju stjórnskipulagi og uppfærðum samþykktum fyrir félögin þannig að þau gætu fengið skráningu sem félög til almannaheilla.



Félögin nutu ráðgjafar LOGOS lögmannstofu við vinnuna og samhliða þessum breytingum var komið á fót 15 manna fulltrúaráði sem í sitja:

- Árni Guðmundsson, aðjúnkt við Háskóla Íslands;
- Dr. Ársæll Már Arnarson, prófessor við Háskóla Íslands
- Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrarbær
- Björg Fenger, formaður bæjarráðs Garðabæjar
- Brynja Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi Garðabæ, varaþingmaður
- Dagný Berglind Gísladóttir, framkvæmdastjóri
- Gestur Pálmason, stjórnendaþjálfari
- Guðrún Magnúsdóttir, fíknifræðingur
- Dr. Hafrún Kristjánsdóttir, prófessor við Háskólan í Reykjavík
- Kristinn Geirsson, framkvæmdastjóri
- Lárus Welding, rekstrarstjóri
- Ólafur Sveinsson, framkvæmdastjóri
- Rakei Garðarsdóttir, framleiðandi
- Dr. Sigrún Sigurðardóttir, prófessor við Háskólann á Akureyri
- Sr. Valgeir Ástráðsson, fyrrv. Prestur

KPMG eru endurskoðendur félagana og hafa ársreikningar Ársins 2022 verið endurskoðaðir og einnig er rétt að nefna að Krýsuvík lætur framkvæma árangursmat af óháðum aðilum á starfsemi sinni.

Krýsuvík hefur undanfarin nær 40 ára öðlast sess sem eitt mikilvægasta meðferðarúrræðið á Íslandi fyrir þá einstaklinga sem þjást af langvarandi áfengis- og fíkniefnaröskunum. Með sameiginlegu átaki ríkisins og Krýsuvíkur er unnt að stytta hátt í 100 manna biðlista og veita þessum sárþjáðu einstaklingum lífsnauðsynlega hjálp.

Virðingarfyllst f.h. Krýsuvíkur

Elías Guðmundsson, framkv.stjóri

Lárus Welding, stjórnarformaður